

Námskrá elsta stigs GP
9. - 10. bekkjar
veturinn 2015 - 2016
Umsjónarkennari: Raket Brynjólfssdóttir
Viðtaltími:
Netföng: gudrunbr@isafjordur.is

Í 9. - 10. bekk eru 9 nemendur, 5 stúlkur og 4 drengir.
Kennslustundirnar skiptast þannig:

<u>Námsgrein</u>	<u>fjöldi stunda</u>
Kjarnagreinar (ísl og stæ)	12
Erlend tungumál (ens /dan)	7
Samfr. /Náttfr.	4
Lífsleikni/Umsjón	1
Íþróttir og sund	3
Upplýsingatækni	2
Áhugasvið	2
Val	6
Samtals	37 stundir

Námsmat – Matsviðmið

Námsmat skólans er nú í þróun í samræmi við nýja aðalnámskrá. Námsmatið greinist nú í tvennt. Annars vegar mat á lykilhæfni og hins vegar mat á námshæfni. Gefið verður í bókstöfum í öllum greinum.

Matstákn:

- A** Til fyrirmyndar
- B+** Mjög gott
- B** Gott
- C+** Viðunandi
- C** Þarfnast úrbóta
- D** Þarfnast verulegra úrbóta

Lykilhæfni:

Tjáning og miðlun, sköpun og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, mýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi.

Námshæfni: Þekking á viðfangsefnum og leikni við beitingu hennar þ.e. að nemandi skilji þær aðferðir sem kenndar eru og geti notað þær við eigin vinnu. Skilningur á aðferðum og hugtökum er metinn með gátlistum og samtali við nemandann. Námshæfni er einnig metin með könnunum og símati.

Kjarnagreinar – Íslenska og stærðfræði

Kennarar: Rakel og Ninna

Kennslutilhögun: Nemendur gera vikulega áform í íslensku og stærðfræði, í samvinnu við kennara, sem þeir vinna eftir. Áformin eru gerð með tilliti til þess hvað þeir treysta sér til en lágmarks fjölda verkefna þarf að leysa. Áformin eru skráð í dagbók. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á sínu námi, en fá alla þá aðstoð hjá kennara sem þeir þurfa. Kennarar fara yfir áætlunina með nemendum og skrifa athugasemdir ef þarf. Foreldrar eru beðnir um að fara yfir áætlunina og skrifa hvetjandi skilaboð til barnsins síns. Grunnviðmiðun er að árgangar fylgja þrepamarkmiðum aðalnámskrár en þeir nemendur sem víkja frá eiga að fá tækifæri til að vinna að námsþáttum og með námsefni sem hæfir þroska og getu þeirra. (Einstaklingsmiðað nám).

Íslenska

Samkennsla í 9. og 10. bekk.

Kennari: Jónína Hrönn Símonardóttir – Guðrún Rakel Brynjólfsdóttir að hluta.
3 kennslustundir á viku, auk kjarnatíma 3x í viku.

Markmið:

- Að nemendur nái góðu valdi á notkun móðurmáls og öðlist skilning á menningarlegu, félagslegu og sögulegu gildi þess.
- Að nemendur þekki orðflokkan og geti greint ýmis málfræðiatríði ásamt setningafræði.
- Að auka færni nemenda í stafsetningu og ritun.
- Að nemendur kynnist heimi Íslendingasagna og annars konar bókmennta með því að lesa, ræða og vinna úr á margvíslegan hátt.
- Að nemendur öðlist þjálfun í að vinna með uppflettibækur og ýmis hjálpargögn á tölvutæku formi.
- Að nemendur geti dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti.
- Að auka lestraráhuga nemenda – með fjölbreyttum textum og bókmenntum.
- Að nemendur læri um og geti túlkað mismunandi gerðir ljóða og texta.

Námsþættir:

Lestur og lesskilningur, talað mál og framsögn, orðaforði og orðaskilningur, hlustun, ritun, bókmenntir og málfræði.

Námsefni:

Skerpa 2 (eða Vallarskólaleiðin) sem er námsefni í heildstæðri íslenskukennslu, þar sem unnið er með alla þætti íslenskunnar

Englar alheimsins

Korkusaga

Lestarbækur að eigin vali

Kjörbók og aðrar bækur

Valin ljóð til að flytja og kryfja og a.m.k. 2 til utanbókarlærdóms

Málið í mark – í spjaldtölvum

Uppflettibækurnar Málfinnur, Skriffinnur, Hugfinnur og ýmsar orðabækur

Snara.is

Kennslutilhögun:

Skerpa 2 er „aðalbókin“ þar sem tekið er á öllum þáttum íslenskunnar. Hún er sett upp í lotum, svo hver og einn vinnur á sínum hraða og sínum forsendum. Eftir hverja lotu er tekin lotukönnun og til þess að mega halda áfram í næstu lotu þarf að fá a.m.k. 6 úr lotukönnun.

Unnið er að þessum þáttum í kjarnatímum.

Stafsetning, ritun ýmiss konar s.s. endursögn, munnleg tjáning, ljóðavinna og lesskilningur fer að mestu fram í „sérmerktum íslenskutíma“ 1x í viku.

Bókmenntir eru á dagskrá í tvöföldum tíma vikulega þar sem fyrirkomulag er þannig að nemendur eiga að koma lesnir í tímann til að hægt sé að taka þátt í umræðum um efnið og úrvinnslu.

Á haustönn er unnið með alls kyns texta og sögur, lesið hlustað og rætt.

Á vorönn verður unnið með kjörbækur og /eða kvikmyndir.

Hluti af íslenskunámi er

- Að lesa margs konar bókmenntir – því er framfylgt með því að á hverjum morgni við upphaf skóladags fer fram yndislestur í ca. 15 mín. Þá les hver og einn í hljóði í þeirri lestrarbók sem hann/hún hefur valið sér.
- Að auki er lögð áhersla á heimalestur ca. 15 mín. á dag.

Námsmat: Próf 30% í lok annar. Símat 70%.

Stærðfræði

Samkennsla í 9. og 10. bekk.

Kennari: Rakel Brynjólfsdóttir - 5/6 stundir á viku

Markmið:

Að nemendur geti notað reikniaðgerðirnar fjórar.

Að nemendur þekki þau grunnhugtök sem notuð eru í stærðfræði.

Að nemendur öðlist skilning og leikni í meðferð þeirra stærðfræðihugtaka og reikniaðgerða sem koma fyrir í námsefninu.

Að nemendur þjálfist í að setja dæmin snyrtilega upp í vinnubækur.

Að nemendur temji sér ástundun og einbeitni við námið.

Námsefni:

Almenn stærðfræði III, II og I

Valið efni úr **8 – tíu** og öðru námsefni sem er enn í vinnslu hjá Námsgagnastofnun (Skali).

Ýmis verkefni frá kennara

Yfirferð: (Feitletraðir efnispættir eru lagðir til grundvallar í vetur)

Almenn stærðfræði III tekur fyrir þessa efnispætti: **Líkindareikningur, ferningstölur, rúmmálsútreikningar** og mikið af **algebru**.

Almenn stærðfræði II tekur fyrir eftirfarandi efnispætti: **Talnareikningur, stórar og smáar tölur, hringurinn, algebra, einslögun, hnitakerfi** og tölfræði.

Almenn stærðfræði I tekur fyrir þessa efnispætti: **Talnareikningur, prósentur, flatarmál, stæður og jöfnur, almenn brot og tölfræði**.

Hver nemandi er alltaf að nýta sér þá kunnáttu sem hann þegar hefur í stærðfræði til að bæta við nýjum aðferðum, útreikningum og hugtökum. Ef einhverju er ábótavant í grunninum er alltaf hægt að rifja upp eldra efni.

Nemendur vinna einir sér eða í hópum að viðfangsefnum og nota ýmis konar hjálpargögn í umhverfi sínu. Gert er ráð fyrir útiverkefnum og verkefnum í ákv. tölvuforritum.

Námsmat: Próf 30% í lok annar. Símat 70%.

Enska

Kennari: Sonja Elín Thompson - 4 stundir á viku í samkenndu með 10. bekk

Markmið:

Að nemandi:

- geti lesið og skilið meigininntak texta af ýmsum toga og unnið með þá á fjölbreyttan hátt
- geti tekið þátt í samræðum um, jafnt undirbúin sem óundirbúin viðfangsefni geti beitt fyrir sig rökum í lýðræðislegri umræður.
- geti sagt nokkuð skipulega frá t.d. efni úr daglegri lífi, námsefni eða kvikmyndum.
- hafi nógu góðu þekkingu á málfræðireglum og uppbyggingu texta til að geta skrifað samfelldan texta sem getur ferð í formi t.d. ritgerða, bréfa eða rökfærslna.
- geti hlustað eftir upplýsingum og unnið úr þeim
- hafi til að bera þekkingu á fjölbreyttri menningu enskumælandi svæða s.s í gegnum lestur, kvikmyndir, fréttir.

Námsefni:

Spotlight 8 og 9 lesbók og vinnubók, ljósrituð efni frá kennara, myndbönd og vefefni.

Kennslutilhögun:

Námsþættir í tungumálakennslu eru skilningur á rituðu máli, skilningur á töluðu máli, ritun, hlustun og tjáning, hvert öðru mikilvægara. Þessa námsþætti verður unnið með í vetur og eru allir lagðir að jöfnu. Lögð verður áherslu á að enskan sé notuð í skólastofunni þó svo að íslenskan sé notuð einnig til að koma til móts við alla nemendur. Beitt verður einstaklingsáætlunum að hluta þannig að hver nemandi fer á sínum hraða yfir námsefnið. Aðeins verður settur lágmarksstuðull fyrir hvern tíma, þ.e. allir verða að vera komnir ákveðið langt. Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlögn, innlögn heima með aðstoða ipada, hópavinna, einstaklingsvinnu og kvikmydaáhorf. Unnið verður í námsbókum til jafns við stærri og minni verkefni. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á heimanámi sínu.

Námsmat:

Annarpróf í lok hvern annar (30%) og símat (70%) er tekið til virkni í tímum, skil og vinna á verkefnum unnið í tímum eða heima og eigin frumkvæði.

Danska

Samkenndsla í 9. og 10. bekk.

Kennari: Raket Brynjólfsdóttir – 3 stundir á viku

Markmið:

Að nemendur geti komið hugsunum sínum munnlega/skriflega á framfæri.
Að nemendur skilji talað mál á dönsku, þ.e. ef talað er skýrt og á eðlilegum hraða.
Að nemendur séu færir um að lesa fjölbreyttan texta og skilja innihald hans.
Að nemendur þekki helstu málfræðiatríði í dönsku og geti nýtt sér þá þekkingu í ritun.
Að nemendur þekki menningu norrænna þjóða með áherslu á Danmörku.

Námsefni:

Glimrende og Ekko, lesbækur og vinnubækur
Snak lös, talæfingar.
Sådan, ritunarverkefni í tölvu. Lige i lommen, tölvuforrit
Myndbönd og annað efni frá kennara.

Kennslutilhögun:

Námsþættir í tungumálakennslu eru skilningur á rituðu máli, skilningur á töluðu máli, ritun, hlustun og tjáning, hvert öðru mikilvægar. Þessa námsþætti verður unnið með í vetur og eru allir lagðir að jöfnu. Alla þessa þætti er hægt að vinna jafnt heima sem í skóla, allar hlustunaræfingar eru aðgengilegar á vefnum og með tilkomu spjaldtölva er auðvelt að taka sjálfan sig upp til að æfa talað mál og senda til kennara.

Námsmat: Próf 30% í lok annar. Símat 70%.

Samfélagsfræði/Náttúrufræði

Samkenndsla í 9. og 10. bekk.

Kennari: Raket Brynjólfsdóttir - 4 stundir á viku en aðeins önnur greinin í einu.

Námsefni náttúrfr.:

Efnisheimurinn
Maður og náttúra

Námsefni samf.fr.:

Um víða veröld, heimsálfur og jörðin, valdir kaflar
Sögugáttin 4 smárit
Vefefni
Þjóðfélagsfræði

Markmið:

Að nem. þekki muninn á frumefnum og efnasamböndum, eðlismun og tákn þeirra.
Að nem. þekki til uppbyggingar efna og atóma
Að nem. skilji lotukerfið og geti nýtt sér það við verkefnavinnu
Að nem. þekki algengustu efnabreytingar sem eiga sé stað í umhverfinu.
Að nem. þekki uppbyggingu vistsvæða, samspil lífandi vera í náttúrunni og hvað þarf að huga að til að vernda lífríkið.

Að nem. hafi yfirsýn yfir jörðina, heimsálfur og lífsskilyrði, landfræðilega og efnahagslega.

Að nem. fái skilning á þróun samfélaga frá því vel fyrir Krist til okkar tíma og tengi það við landafræði heimsins.

Að nem. kynnist uppbyggingu mannlegs samfélags og helstu stofnunum þess, íslensku og alþjóðlegum.

Að nem. geti skilað af sér nákvæmum og greinargóðum verkefnum um þessi efni.

Að nemendur geti unnið sjálfstætt að verkefnum.

Kennslutilhögun: Nemendur lesa og vinna verkefni hvort sem er í kennslustundum eða heimanámi. Kennsla byggist á því að hjálpa nemendum að skilja það sem efnið fjallar um, með greiningu aðalatriða, umræðum í tímum og verklegum æfingum. Nemendur öðlast færni í samvinnu og sjálfstæðum vinnubrögðum, ásamt glósutækni til að greina aðalatriði.

Námsmat: Próf 30% í lok annar. Símat 70%.

Áhugasvið

Kennari: Allir kennarar skólans – 2 kennslustundir á viku

Markmið:

Að nemendur velji sér verkefni eftir áhugasviði

Að þeir útfæri það á þann hátt sem þeim þykir spennandi

Að þeir beri ábyrgð á því verkefni sem þeir völdu sér

Að þeir skili af sér innan þess tíma sem þeir settu sér

Kennslutilhögun:

Í hverri viku fá nemendur að vinna að verkefnum sem tengjast áhugasviði, tvo tíma í senn. Nemendur þurfa að gera verksamning þar sem fram kemur hvaða verkefni þeir ætla að vinna að og hvað þeir áætli að verkið taki langan tíma, hvernig þeir ætla að skila því af sér o.s.frv.

Námsmat: Hvert verkefni metið

Upplýsingatækni

Samkenndsla í 9. og 10. bekk.

Kennari: Sonja Elín Thompson- 2 stundir á viku

Markmið:

Að nemendur:

- öðlist meiri skilning á ritvinnsluforritinu Word og kunni að setja upp ritgerð.
- öðlist færni í notkun Excel töflureiknisins
- geti sett upp ítarlegar kynningar í glærugerðarforritum s.s PowerPoint
- nái góðum tókum á réttri fingrasetningu og blindskrift.
- temji sér snyrtilegan frágang á verkefnum.

- temji sér siðfræðileg gildi varðandi notkun Internetsins, og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónalegrar nota eða heimilda- og verkefna vinnu.
- geti unnið á skapandi og gagnrýnin hátt, sjálfstætt og með öðrum
- geti unnið með heimildir, virt siðferði í heimildarvinnu og sett fram einfalda heimildaskrá
- geti nýtt sér frían hugbúnað/forrit við einfaldar vefsmiðar
- geti nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun.

Kennslutilhögun:

Fyrirlestrar, sýnikennsla, verkefni og æfingar. Lögð er áhersla á að hnykkja á ýmsum grunnatriðum sem mikilvægt er að nemendur hafi náð tökum á í námi sínu. Mikilvægt að nemendur geti unnið sjálfstætt. Sum verkefni eru samþætt öðrum námsgreinar.

Námsmat: Námsmat er byggt á símati (70%) og verkefni í prófaviku úr viðfangsefnum sem unnið er með á hverju misseri (hraðapróf í ritun, glærुकyning eða myndvinnsla, alls 30%). Þættir eins og virkni, framfarir og sjálfstæð vinnubrögð eru höfð til hliðsjónar við mat.

Lífsleikni / umsjón

Samkennsla í 9. og 10. bekk.

Kennari: Raket Brynjólfsdóttir. 1 kennslustund á viku

Markmið samkvæmt aðalnámsskrá:

- Að nemendur styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín.
- Að nemendur læri að vega og meta hvort samskipti eða hegðun sé utan þess ramma sem æskilegt er, og/eða utan ramma laganna.
- Að nemendur öðlist færni í ópersónulegum samskiptum
- Að nemendur hugi að framtíðinni, löngunum og væntingum. Öðlist aukna sjálfspekingu.
- Að nemendur læri á hættur samfara áfengis- og vímuefnaneyslu.
- Að nemendur fái að kynnast atvinnuöguleikum.
- Að nemendur séu meðvitaðir um siðvit og ábyrgð, gagnkvæma virðingu og persónurétt sem helstu mælikvarða á siðlega kynímynd, kynupplifun og kynhegðun hvers og eins.
- Að nemendur séu meðvitaðir um jafnréttishugsjónina sem leiðarljós í samskiptum.
- ... svo eitthvað sé nefnt...

Tilhögun:

Nemendur ræða mál sem á þeim brenna, (saman og við kennara), sem telst þá til umsjónar. Síðan vinna þau að verkefnum í tengslum við þau sjálf og umhverfi þeirra eins og ofangreind markmið segja til um.

Í þessum tímum er einnig unnið með uppbyggingarstefnuna, þar sem bekkurinn þarf að koma sér saman um bekkjarsáttmála, ræða þarfir sínar og hlutverk og læra að læra af mistökum sínum á uppbyggjandi hátt, þannig að markmiðið sé alltaf að verða hæfari í samskiptum og daglegu lífi fólks. Þetta er að sjálfsgöðu allt samtvinnað og mikil lífsleikni hvernig sem á það er litið.

Námsmat: Þátttaka metin.

Íþróttir

Kennari: Erna Höskuldsdóttir - 2x40 mín. á viku á mánudögum og fimmtudögum, samkensla með 10. bekk.

Markmið:

- Að nemendur hafi fræðst meira um íþróttir og heilsurækt og skilji mikilvægi reglubundinnar þjálfunar.
- Að nemendur hafi upplifað íþróttir á jákvæðan og uppbyggilegan hátt sem leiðir til virkni og áhuga .
- Að nemendur hafi bætt líkamsþroska sinn með því að efla líkamspól, hraða, viðbragð, styrk og liðleika.
- Að nemendur hafi eflt sjálfstraust og viljastyrk.

Kennslutilhögun:

Hæfniviðmiðin í skólaíþróttum eru fjögur, þau eru Líkamsvitund, leikni og afkastageta, félagslegir þættir, heilsa og efling þekkingar, öryggis og skipulagsreglur. Skipulag kennslunnar miðast út frá þessum viðmiðum, lögð er áhersla á ýmis konar leiki og æfingar.

Að hausti eru útiíþróttir út september og svo aftur þegar vorar í maí. Unnið verður markvisst að því að efla þrek, hreyfanleika og styrk. Fjölbreytni í æfingum og alhliða uppbyggjandi hreyfinám eru þættir sem stefnt er að en með því aukast líkurnar á að hver og einn fái verkefni við hæfi. Mikilvægt að nemendur geri sitt besta og taki þátt á sínum forsendum í stað þess að bera sig saman við aðra nemendur.

- Nemendur þurfa að vera í innanhússkóm í íþróttasal
- Ætlast er til að nemendur fari í sturtu eftir hvern tíma því þarf að muna eftir handklæði og hreinum nærfötum

Sund

Kennari: Erna Höskuldsdóttir - 1 stund á viku í samkenslu með 10. bekk.

Markmið: að auka vægi sundþjálfunar þar sem bætt þrek er haft að leiðarljósi.

- að ná valdi á helstu sundaðferðum og auka valmöguleika nemenda á sérhæfingu
- að nemendur hafi lært köfun og tileinkað sér helstu atriði sem undirbúning fyrir björgun úr vatni
- að byggja ofan á þann grunn sem skapaður hefur verið á fyrri skólaárum.
- að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar sem lífsstíl
- að nemendur hafi lært sérkenni og tækni einstakra sundaðferða
- að nemendur hafi tekið þátt í umræðum um áhrif skipulagðrar sundþjálfunnar

Kennslutilhögun:

Nemendur eru í sundi einu sinni í viku allt skólaárið. Í sundkennslunni verður farið í tækni helstu sundaðferða auk þess sem þolaukandi æfingar verða framkvæmdar með ýmsu móti.

Hæfniviðmiðin í skólaíþróttum eru fjögur, þau eru Líkamsvitund, leikni og afkastageta, félagslegir þættir, heilsa og efling þekkingar, öryggis og skipulagsreglur. Skipulag

kennslunnar miðast út frá þessum viðmiðum, lögð er áhersla á ýmis konar leiki og æfingar. Kennsla fer þannig fram að kennari miðlar þekkingu með undirstöðuatriðum hvernar sundaðferðar þ.e.a.s sýna, æfa, leiðbeina og endurtaka.

Tímatökur - nemandi velur tvær aðferðir af fjórum:

- 100 m bringusund þar sem tímalágmark er fyrir drengi er 2 mín. og 15 sek. en stúlkur 2 mín. og 20 sek.
- 50 m skriðsund þar sem tímalágmark er fyrir drengi 55,0 sek. en stúlkur 58,0 sek.
- 50 m baksund þar sem tímalágmark er fyrir drengi 65,0 sek. en stúlkur 68,0 sek.
- 25 m flugsund þar sem tímalágmark er fyrir drengi 31,0 sek. en stúlkur: 33,0 sek.
- 600 m viðstöðulaust á innan við 20 mínútum bringu- og/eða skriðsund.
- Kafsund 12 m.
- Björgunarsund með jafningja 25 m.
- Troða marvaða í a.m.k. 1 mínútu.

Sundfatnaður: Áriðandi er að nemendur mæti í sundfötum sem gott er að synda og hreyfa sig í. Æskilegasti fatnaður er sundskýla fyrir stráka, ekki sundbuxur, og sundbolur fyrir stelpur, ekki bikiní.

Náms- og starfsfræðsla **9. og 10. bekkur – bundið val**

Kennari: Jónína Hrönn Símonardóttir – 2 stundir á viku í tveimur 8 vikna lotum.

Markmið:

- Að nemendur kynnist þeim náms-og starfsmöguleikum sem þeim standa til boða.
- Að nemendur geri raunhæfar áætlanir um náms- og starfsleiðir og geti nýtt sér ráðgjöf og upplýsingatækni í þeim tilgangi.
- Að nemendur fræðist um kynbundið náms- og starfsval.
- Að nemendur efli færni sína við að taka ákvarðanir sem byggja á sjálfsþekkingu og sjálfstæði.
- Að nemendur þekki áhugasvið sitt.

Notast er við námsefni af vef og annað ítarefni.

Námsmat: Símat 100%

Byggt á þátttöku og virkni í tímum. Verkefnaskil margvísleg, s.s. á padlet.com, power point o. fl. Einnig er metin ástundun, virkni og umgengni.

Valgreinar á unglingsstigi.

Kennarar: Borgný og Sonja Elín.

Markmið:

Að nemendur:

- kynnist fjölbreyttum verkgreinum
- vinni að eigin hönnun og hugmyndum
- læri að ganga um og vinna með ýmis konar verkfæri, gömul og ný.

Námsmat:

Nemendur skila rafrænt til kennara yfirliti yfir verkefnið. Þar koma fram upplýsingar eins og hvaðan hugmyndir og innblástur var fenginn, hvaða efniviður var notaður og um framkvæmd verkefnisins, auk mynda, ekki síst af lokaafurðinni.

Eftirfarandi greinar eru í boði í vetur, allar kenndar í 8 vikur lotum eða fleiri:

Heimilisfræði - Smákökubakstur

Kennari: Sonja Elín Thompson - 2 stundir á viku í 8 vikur (miðvikudögum)

Markmið:

Að nemendur:

- auka færni sína í smákökubakstri
- læra að fara eftir uppskriftum, breyta og leita leiðir til að gera kökurnar hollari
- læri um mikilvægi hreinlætis, hollustu og heilbrigðis
- efli sköpunarhæfileika sína (á við skreytingar/framreiðsla)
- sýni hver öðrum hjálp- og tillitsemi.

Kennslutillhögun: Unnið verður með grunnhandtökin í elhúsinu, eins og að vigta, mæla, skera, hræra og hnoða, vaska upp og ganga frá. Nemendur koma með/leita að uppskriftum af smákökum í uppskriftarbókum, a internetinu eða koma með að heiman. Áhersla verður lögð á að nemendur vinni saman í hóp undir leiðsögn kennara.

Heimilisfræði - Forréttir/eftirréttir

Kennari: Sonja Elín Thompson - 2 stundir á viku í 8 vikur (miðvikudögum)

Markmið:

Að nemendur:

- auka færni sína í matreiðslu og framreiðslu eldamennsku og bakstri.
- læra að fara eftir uppskriftum, breyta og leita leiðir til að gera matinn hollari
- læri um mikilvægi hreinlætis, hollustu og heilbrigðis
- efli sköpunarhæfileika sína (á við skreytingar/framreiðsla)
- sýni hver öðrum hjálp- og tillitsemi.

Kennslutillhögun: Unnið verður með grunnhandtökin í elhúsinu, eins og að vigta, mæla, skera, hræra og hnoða, vaska upp og ganga frá. Nemendur koma með/leita að uppskriftum af forréttum og/ eða eftirréttum í uppskriftarbókum, a internetinu eða koma með að heiman. Áhersla verður lögð á að nemendur vinni saman í hóp undir leiðsögn kennara.

Fablab

Kennari: Sonja Elín Thompson - 3 stundir á viku í 8 vikur 2 x (fimmtudögum)

Markmið:

Að nemendur:

- átti sig á fjölbreyttum notkunarmöguleikjum FabLab smiðjunnar og tækifærum sem felast í notkun á stafrænni framleiðsutækni.
- oðlist grunnþekkingu í notkun á vektor hugbúnaði
- geti hannað, mótað og framleitt hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Kennslutillhögun: Farið er á FabLab smiðjan á Ísafirði. Notist er við almenningssamgöngur til að fara á milli. Farið verður yfir búnað í FabLab og möguleika sem felast í notkun hennar. Farið verður yfir grunnatriði í forritinu Inkscape og í notkun laserskurðartæki og vinylskera. Nemendur hanna límíða og lykklakippu eftir eigin teikningar/hönnun. Ef tími gefst verður unnið að 3D prentun.

Glervinna

Kennari: Sonja Elín Thompson - 2 stundir á viku í 8 vikur (miðvikudögum)

Markmið:

Að nemendur:

- verða sjálfstæð í verki
- vinni að eigin hönnun og hugmyndum.
- geti útskýrt hugmyndir sínar fyrir öðrum
- læri að ganga um og vinna með ýmis konar efnivið.
- þjálfast í að beita verkfærum markvisst og kynnast litun eða öðrum yfirborðsáferðum.

Kennslutillhögun: Nemandiur vinna verkefni sem kalla á hugmyndaauðgi og sköpun. Unnið verður með notuð og nýtt gler, brætt upp og búnir til ýmsa nytjahluti

Tálgun

Kennari: Sonja Elín Thompson - 2 stundir á viku í 8 vikur (fimmtudögum)

Markmið:

Að nemendur:

- verða sjálfstæð í verki
- vinni að eigin hönnun og hugmyndum.

- geti útskýrt hugmyndir sínar fyrir öðrum
- læri að ganga um og vinna með ýmis konar efnivið.
- þjálfast í að beita verkfærum markvisst og kynnast lökkun, litun eða öðrum yfirborðsáferðum.

Kennslutillhögun: Nemandiur vinna verkefni sem kalla á hugmyndaauðgi og sköpun. Tálgað verður í ferskan við eða úr lindutré eða önnur við eftir hugmyndum nemenda.

Leir

Kennari: Sonja Elín Thompson - 2 stundir á viku í 8 vikur (miðvikudögum)

Markmið:

Að nemendur:

- verða sjálfstæð í verki
- vinni að eigin hönnun og hugmyndum.
- geti útskýrt hugmyndir sínar fyrir öðrum
- læri að ganga um og vinna með ýmis konar efnivið.
- þjálfast í að beita verkfærum markvisst og kynnast litun eða öðrum yfirborðsáferðum.

Kennslutillhögun: Nemandiur vinna verkefni sem kalla á hugmyndaauðgi og sköpun. Nemendur læra helstu aðferðir og tækni við leir mótun ásamt því að fá tilfinningu fyrir leirnum sem mótunarefni.

Útivist

Kennari: Sonja Elín Thompson - 2 stundir á viku í 8 vikur (miðvikudögum)

Markmið:

Að nemendur:

- kynnast nánasta umhverfi sínu til útivistar og margskonar hreyfingar og leikja.
- kynnast litilega starfi björgunarsveita, slökkviliðsins og sjúkraflutningamanna

Kennslutillhögun: Farið er í stutta gönguferðir í nánasta umhverfi, farið í leiki og rætt um hlutverk björgunarsveita, slökkviliðsins og sjúkraflutninga manna. Fengið heimamenn til að ræða og sýna nemendur tæki og tól sem eru til staðar á Þingeyri.

Hnýtingar

Kennari: Sonja Elín Thompson - 2 stundir á viku í 8 vikur (fimmtudögum)

Markmið:

Að nemendur:

- læri að hnýta mismunandi hnúta sem hægt er að nota við mismunandi aðstæður
- búa til nýttjahluti

Kennslutillhögun: Skoðað verður nokkur myndbönd um hnúta og æft. Hugmyndir af verkefnum gæti verið, spjald með mismunandi hnútum á, blóma hengi/hengirúm, fluguhnýtingar.

Textílmennt

Kennari: Borgný Gunnarsdóttir - 2 stundir á viku í 8 vikur.

Markmið:

Að nemendur bæti við áður lærða þekkingu sína í textílmenntum. Að nemendur geri sér grein fyrir vinnubrögðum og ferli við hönnun og vinnslu verkefna. Að nemendur festi í sessi umgengni verkefna, efna og áhalda í textílstofunni og gangi vel um efni og áhöld. Að nemendur nýti sér eigin sköpun og vinni eftir sínum hugmyndum.

A Fatasaumur:

Námsáætlun: Að nemendur nýti eigin sköpun og útfærslur við sniðagerð og nýti vel það efni sem notað er.

Að nemendur skilji vinnuferlið og átti sig á mikilvægi vandaðra vinnubragða.

Að nemendur temji sér vandaðan frágang.

Námsmat: Nemendur skili rafrænt/myndrænt til kennara yfirlit yfir verkefni, þar sem fram kemur hvar hugmyndir/innblástur var fenginn, hvaða efni var notað og um framkvæmd verkefnisins. Gott er að taka myndir meðan á vinnslu stendur og hægt er að búa til eða halda dagbók t.d. á padlet.com. Einnig verður ástundun, virkni og umgengni metin.

B: Fatabreytingar

Námsáætlun: Að nemendur átti sig á verðmæti sem liggur í tilbúnum fatnaði og átti sig á öllum þeim ótal möguleikum sem felast í breytingum á flík.

Að nemendur geti aflað sér hugmynda á netinu og nýtt sér þær hugmyndir sem finnast við eigin breytingar.

Námsmat: Nemendur skili rafrænt/myndrænt til kennara yfirlit yfir verkefni, þar sem fram kemur hvar hugmyndir/innblástur var fenginn, hvaða efni var notað og um framkvæmd verkefnisins. Gott er að taka myndir meðan á vinnslu stendur og hægt er að búa til eða halda dagbók t.d. á padlet.com. Einnig verður ástundun, virkni og umgengni metin.

C: Þrjón

Námsáætlun: Að nemendur læri að m.k. eina uppfítjun

Að nemendur nýti sér eigin hugmyndir og sköpun við val á verkefnum

Að nemendur skilji þrjónafestu og velji þrjónastærð í samræmi við það.

Að nemendur læri mun á brugðinni og slétti lykkju.

Að nemendur fullklári það verkefni sem byrjað er á og skili þannig.

Námsmat: Nemendur skili rafrænt/myndrænt til kennara yfirlit yfir verkefni, þar sem fram kemur hvar hugmyndir/innblástur var fenginn, hvaða efni var notað og um framkvæmd verkefnisins. Gott er að taka myndir meðan á vinnslu stendur og hægt er að búa til eða halda dagbók t.d. á padlet.com. Einnig verður ástundun, virkni og umgengni metin.

D: Víkingafatnaður

Námsáætlun: Að nemendur vinni eftir þeim handverksaðferðum og sem talið er að hafi tíðkast á víkingatímanum.

Að nemendur vinni eftir eigin áhuga flík/verkefni og skili kláruðu.

Námsmat: Nemendur skili rafrænt/myndrænt til kennara yfirlit yfir verkefni, þar sem fram kemur hvar hugmyndir/innblástur var fenginn, hvaða efni var notað og um framkvæmd verkefnisins. Gott er að taka myndir meðan á vinnslu stendur og hægt er að búa til eða halda dagbók t.d. á padlet.com. Einnig verður ástundun, virkni og umgengni metin.

Myndlist

Kennari: Borgný Gunnarsdóttir - 2 stundir á viku í 8 vikur.

Markmið:

Að nemendur bæti við áður lærðum þáttum myndlistar og nýti sér við listsköpun sína. Að nemendur skilji og geri sér grein fyrir þeim tjáningarmætti sem myndlist býr yfir. Að nemendur nýti eigin sköpun og hugmyndir við myndgerð og nýti sér áunnin vinnubrögð. Að nemendur umgangist efni og áhöld við myndlistar vinnu að natni og fari vel með efni og áhöld.

A: Vatnslitir

Námsáætlun: Að nemendur kynnist möguleikum vatnslita með tilliti til fínleika og gagnsæis litaarins. Að nemendur læri að vinni með flæði og yfirlitun. Að nemendur skoði og kynni sér listamann í vatnslitun. Að nemendur nýti eigin hugmyndir við sköpun verka.

Námsmat: Nemendur skili rafrænt/myndrænt til kennara yfirlit yfir verkefni, þar sem fram kemur hvar hugmyndir/innblástur var fenginn, hvaða efni var notað og um framkvæmd verkefnisins. Gott er að taka myndir meðan á vinnslu stendur og hægt er að búa til eða halda dagbók t.d. á padlet.com. Einnig verður ástundun, virkni og umgengni metin.

B: Mangateikningar

Námsáætlun: Að nemendur kynnist japanskri Manga teikningalist og vinni eftir þeim hugmyndum að eigin sköpun persóna og verkefna.

Námsmat: Nemendur skili rafrænt/myndrænt til kennara yfirlit yfir verkefni, þar sem fram kemur hvar hugmyndir/innblástur var fenginn, hvaða efni var notað og um framkvæmd verkefnisins. Gott er að taka myndir meðan á vinnslu stendur og hægt er að búa til eða halda dagbók t.d. á padlet.com. Einnig verður ástundun, virkni og umgengni metin.

C: Blýantsteikningar

Námsáætlun: Að nemendur kynnist og noti mismunandi harða og mjúka blýanta við skyggingar og áherslur og nýti í eigin listsköpun.

Námsmat: Nemendur skili rafrænt/myndrænt til kennara yfirlit yfir verkefni, þar sem fram kemur hvar hugmyndir/innblástur var fenginn, hvaða efni var notað og um framkvæmd verkefnisins. Gott er að taka myndir meðan á vinnslu stendur og hægt er að búa til eða halda dagbók t.d. á padlet.com. Einnig verður ástundun, virkni og umgengni metin.

E: Dúkríta

Námsáætlun: Að nemendur vinni með skurðaráhöld og risti í dúk. Að nemendur geri sér grein fyrir ljósi og skuggum og geri tilraunir með grafík, það er prentun með þær myndir sem skornar eru út. Að nemendur geti nýtt sér myndina á ýmsu stigum og notað mismunandi liti, það er að þrykkja jafnvel ofan í fyrri grafíkverk.

Námsmat: Nemendur skili rafrænt/myndrænt til kennara yfirlit yfir verkefni, þar sem fram kemur hvar hugmyndir/innblástur var fenginn, hvaða efni var notað og um framkvæmd verkefnisins. Gott er að taka myndir meðan á vinnslu stendur og hægt er að búa til eða halda dagbók t.d. á padlet.com. Einnig verður ástundun, virkni og umgengni metin.

Matskvaðri fyrir valgreinar Grunnskólans á Þingeyri

	<i>Frumkvæði og sjálfstæði</i>	<i>Metnaður vandvirkni</i>	<i>Vinnubrögð afurð</i>	<i>Vinnugleði</i>	<i>Lokaskil á verkefnavinnu</i>
<i>A</i>	Sýnir mjög gott frumkvæði og þor og skapar á sjálfstæðan hátt	Leggur sig allan fram	Beitir fjölbreyttum formum og stílum. Skipuleggur vinnu sína mjög vel	Nýtur sín við verkefnið	Tilgreinir alla þætti: Skilar inn myndum, Mikill metnaður. Imove, Padlet Slideshow, glærुकyuning
<i>B</i>	Getur sýnt frumkvæði og þor	Leggur sig töluvert fram	Beitir nokkrum fjölbreytileika við útfærslur	Yfirleitt ánægður með vinnuna sína	Setur inn myndir. Segir lítilega frá hvað gert er.
<i>C</i>	Sýnir nokkurt frumkvæði	Leggur sig nokkuð fram	Getur sýnt nokkurn fjölbreytileika við útfærslur	Missir áhugann á verkefninu	Nefnir aðeins hvað unnið var. Ein mynd
<i>D</i>	Lítið eða ekkert frumkvæði	Leggur ekkert í verkefnið	Einhæf og lítil útkoma	Lítill sem engin vinnugleði	Leggur ekkert í lokamat. Einhæft eða ekkert.